

Stjórnarfundur Geðhjálpar 11.09.19 kl. 16.30

Mættir: Einar Þór Jónsson, Halldór Auðar Svansson, Garðar Sölvi Helgason, Bergþór Böðvarsson, Sigríður Gísladóttir, Sylviane Lecoultre, Einar Kvaran og Silja Björk Björnsdóttir

Einnig: Grímur Atlason, framkvæmdastjóri

1. Yfirferð og samþykkt fundargerðar frá 4. september
2. Nýr framkvæmdastjóri Grímur Atlason
3. Klikkuð menningarhátíð Crazy Culture, dagskrá og kynningarmál

4. 40 ára afmæli Geðhjálpar

EPJ kynnir hugmyndir fyrir 40 ára afmælishátíð Geðhjálpar þann 9. október nk. sem er miðvikudagur. Lagt er til að hafa opið hús í húsnæði Geðhjálpar frá kl. 17-19. Boðið verði upp á léttar veitingar. Upp kom hugmynd um að bjóða upp á áfengi á afmælishátíðinni og var það borið undir stjórn sem greiddi um það atkvæði og var tillagan felld. EPJ stingur upp á að SG sjái um veitingar fyrir afmælishátíðina og var það samþykkt. Senda þarf boðskort á fyrrverandi formenn samtakanna, framkvæmdastjóra, stjórnarmeðlimi. Setja svo viðburð á Facebook og heimasíðuna. EPJ, BB og SG eru í afmælisnefnd og halda utan um dagskrá auk framkvæmdastjóra.

5. Stuðningshópur og fræðsla aðstandenda

SG kynnir hugmyndir sínar um stuðningshóp fyrir aðstandendur og fræðslu. Hugmyndin er að hafa fyrirlestra einu sinni í mánuði með mismunandi áherslum fyrir aðstandendur. Hugmyndin er að fá fyrirlesara með sérþekkingu á málaflokkunum sem talað verður um. Eftir fyrirlesturinn verði boðað til annars fundar u.þ.b. viku síðar og þeim sem mættu stæði til boða að koma og ræða þar efni fyrirlestursins. SG er búin að ræða þetta við Ólöfu ráðgjafa sem telur þetta vera þarfa hugmynd. Hópurinn á að vera griðarstaður fyrir þá sem á þurfa að halda. Stjórn líst vel á þessa tillögu. Byrja á því að setja upp áætlun til áramóta og setja upp grófa fjárhagsáætlun fyrir verkefnið. GA, SG setjast niður með Ólöfu ráðgjafa og fara yfir fjárhagsáætlun og annað í tengslum við verkefnið.

6. Samráðsfundur heilbrigðisráðuneytisins með starfshópi um minnkun formdóma í garð fólks með geðraskanir.

EPJ greinir frá fundarboði frá heilbrigðisráðuneyti um samráðsfund mánudaginn 16. september nk. Hrannar Jónsson fyrrverandi formaður mun sitja áfram sitja í starfshópnum fyrir hönd Geðhjálpar þangað til vinnu hópsins verður lokið en auk Hrannars mun GA framkvæmdastjóri Geðhjálpar einnig eiga sæti í hópnunum.

7. Að kveðja Önnu Gunnhildi

EPJ stingur upp á að kveðja Önnu Gunnhildi á afmælishátíðinni og er það samþykkt. Stjórn felur SBB og HL að halda utan um kveðjugjöf og SL mun flytja kveðjuræðu enda hafi hún setið í stjórn nær allan tíma Önnu Gunnhildar hjá Geðhjálpar.

8. Önnur mál

-EPJ segir mikilvægt að stjórn þurfi að hafa yfirsýn yfir fólk sem starfar í nefndum sem hafa það að markmiði að efla erlent og norrænt samstarf fyrir hönd Geðhjálpar.

-EPJ upplýsir stjórn að Áslaug Kristinsdóttir gefi ekki lengur kost á sér í málefnaþóp barna á vegum ÖBÍ. Aðalfundur ÖBÍ er 4.-5. október nk. og að það sé mikilvægt fyrir Geðhjálpar að hafa fulltrúa innan ÖBÍ. SL ætlar að gefa kost á sér aftur í stjórn ÖBÍ fyrir hönd Geðhjálpar.

-EPJ upplýsir stjórn að hópur geðlækna frá BNA sé væntanlegur til Íslands og hefur óskað eftir að heimsækja félagasamtök eins og Geðhjálpar. Heimsóknin verður miðvikudaginn 18. september nk. kl.14:00 í húsnæðinum Geðhjálpar.

-SL byrjar umræðu um notendafulltrúa og geðteymi. Rætt er um hver er afstaða Geðhjálpar til verkefnisins. SL stingur upp á að þessir notendafulltrúar myndi sjálf hóp og fái hóphandleiðslu saman til að byrja með. Ákveðið að formaður, framkvæmdastjóri, SL, BB og HAS kanni þróunarmöguleika þessa verkefnis.

-EK stingur upp á flóamarkaði eða skiptibókamarkaði. Það verður rætt síðar.

Fundi slitið kl. 18:00